



8. fundur í aðalstjórn Aftureldingar, miðvikudaginn 7. apríl 2021.

Fundurinn var haldinn á skrifstofu Aftureldingar kl. 18:00

Mættir stjórnarmenn:

Birna Kristín Jónsdóttir (BKJ), Erla Edvardsdóttir (EE), Sigurður Rúnar Magnússon (SRM), Geirarður Long (GL), Reynir Ingi Árnason (RIÁ).

Mættir starfsmenn:

Kristrún Kristjánsdóttir (KK), framkvæmdastjóri

Dagskrá:

1. Sportabler-yfirfærsla yfir í Nóra og næstu skref

Fyrirtækin Sportabler og Greiðslumiðlun sameinuðust í byrjun árs. Fyrirtækin hafa náð samkomulagi um að samtvinna lausnaframboð sitt á sviði hugbúnaðar fyrir íþrótt- og tómstundastarf. Þetta hefur í för með sér að Nórakerfið og Sportabler verða sameinuð í einu fyrirtæki. Markmiðið er að bæta þjónustu við viðskiptavinum í einu öflugri þjónustu- og hugbúnaðarfyrirtæki.

Afturelding mun fá kynningu á þessari yfirfærslu frá Sportabler og í kjölfarið verður kynnt fyrir formönnum deilda.

2. Vinnuálagstofnun – umsóknarferli og staða á umsóknum

Opnað hefur verið fyrir umsóknir vegna endurgreiðslna til eininga innan vébanda ÍSÍ en stofnuninni var falið af hálfu félags- og barnamálaráðherra að sjá um framkvæmd laga nr. 155/2020 um greiðslur vegna launakostnaðar og verktakagreiðslna á tímum kórónuveirufaraldurs.

Með lögnum er stuðlað að því að íþróttafélög og sambönd sem starfa innan Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands geti hafið óbreytta starfsemi að nýju eftir að þeim var gert að fella niður starfsemi á tilteknu tímabili, að hluta eða jafnvel öllu leyti vegna opinberra sóttvarnararráðstafanna. Markmiðið með þessari lagasetningu er að sem minnstar raskanir verði á íþróttastarfi á Íslandi til lengri tíma litið vegna faraldursins.

Kristrún hefur haft veg og vanda að umsóknaferlinu fyrir hönd Aftureldingar og gengur það ferli vel. Sótt er um fyrir hverja deild fyrir sig og er afgreiðsla umsókna u.þ.b. 3 vikur. Áætlað er að klára fyrir allar deildir í apríl.

3. Úthlutun styrks til íþróttafélaga frá ÍSÍ vegna Covid

Afturelding í heild sinni fékk úthlutað rúmum 11 milljónum frá ÍSÍ. Sigurður Rúnar kynnti útreikning á skiptingu fjármagnsins á milli deilda og var úthlutunin samþykkt af aðalstjórn. Kristrún mun greiða út til deildanna.

4. Stafræn framtíð

Sigurður Rúnar, Reynir og Kristrún hittu framkvæmdastjóra HK til að fá sýn á þeirra bókhaldskerfi og þeirra vegferð í stafrænni umbreytingu. HK og Sessor ráðgjafafyrirtæki hafa unnið saman að stafrænni lausn fyrir bókhaldskerfi undanfarið ár með góðum árangri.



5. Aðalfundur Aftureldingar

Aðalfundi Aftureldingar er frestað frá 15. apríl fram til 29. apríl. Hann verður haldinn í Framhaldsskólanum í Mosfellsbæ, FMOS, ef aðstæður leyfa annars verður hann haldinn rafrænt. Ákvörðun þess efnis verður tekin þegar uppfærðar reglur um sóttvarnir liggja fyrir. Heiðursviðurkenningar verða geymdar þar til aðstæður eru betri þar sem ekki er skynsamlegt að húa saman of mörgum að þessu sinni. Ein viðurkenning verður þó veitt.

Fimm deildir voru búnar að halda aðalfundi sína áður en tamarkanir skullu á og er stefnt að því að þær deildir sem eftir eru haldi sína fundi fyrir 29. apríl.

6. Búningamál

Erla og Krístrún fór og hittu Jóhann hjá Jako sem sýndi þeim nýju búningana sem taka við af þeim eldri og verða teknir til notkunar í sumar. Boðið verður upp á kven- og karlasnið á treyjum og æfingargöllum.

7. Önnur mál

Formaður knattspyrnudeildar hefur óskað eftir fundi með aðstjórn fyrir hönd BUR, hún mun senda fundarefni og boðið verður til fundar í framhaldi.

Fundi slitið kl.20:00

Krístrún Krístjánsdóttir ritaði fundargerð.